

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB)
2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og
neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju
löndum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar eftirtalinnna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2020, frá 7. febrúar 2020, öðlast eftirtalin eftirtaldar ESB-gerð gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1793 frá 22. október 2019 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið, um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002 og um niðurfellingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009, (ESB) nr. 884/2014, (ESB) 2015/175, (ESB) 2017/186 og (ESB) 2018/1660. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2020, frá 7. febrúar 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, frá 23. apríl 2020, bls. 558.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/625 frá 6. maí 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið, um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/943 og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/88/ESB. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1540 frá 22. október 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 að því er varðar sesamfræ sem er upprunnið á Indlandi.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/608 frá 14. apríl 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1900 frá 27. október 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2246 frá 15. desember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/913 frá 30. maí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002.

16. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/174 sem breytir framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið, um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002.
17. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1110 frá 6. júní 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002.
18. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/286 frá 16. janúar 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002.
19. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1662 frá 11. júní 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið, um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002.

2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a - 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 9. gr. og 9. gr. a - 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi og á sama tíma fella brott reglugerð nr. 835/2010, reglugerð nr. 808/2014, reglugerð nr. 1030/2015, reglugerð nr. 915/2017 og reglugerð nr. 1077/2018, með síðari breytingum.

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. maí 2020. -

- Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

- Lönn Guðjónsdóttir. -

FYLGISKJAL

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2246

frá 15. desember 2021

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (1), einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr., með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fôður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (2), einkum b-lið 2. mgr. 47. gr. og a- og b-lið 4. mgr. 54. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1793 (3) er mælt fyrir um reglur um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti með tilteknum matvælum og fôðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, við komu þeirra inn í Sambandið frá tilteknum þriðju löndum, sem eru tilgreind í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð, og um að setja sérstök skilyrði sem gilda um komu tiltekinna sendinga af matvælum og fôðri frá tilteknum þriðju löndum, sem eru tilgreind í II. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð, inn í Sambandið vegna áhættu á mengun af völdum sveppaeiturs, þ.m.t. aflatoxín, varnarefnaleifar, pentaklórófenól og díoxín, og örverumengun.
2. Í 12. gr framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1793 er kveðið á um að það skuli endurskoða skrárnar, sem settar eru fram í I. og II. viðauka við hana, með reglulegu millibili og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti í því skyni að taka tillit til nýrra upplýsinga í tengslum við áhættu fyrir heilbrigði manna og tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, s.s. gagna, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr 178/2002, sem og gagna og upplýsinga sem varða sendingar og niðurstöður úr sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi sem aðildarríki senda framkvæmdastjórninni.
3. Tíðni og mikilvægi nýlegra matvælaatvika sem benda til að fyrir hendi sé alvarleg bein eða óbein áhætta sem matvæli eða fôður hafa í för með sér fyrir heilbrigði manna, sem voru tilkynnt gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fôður sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 178/2002, og upplýsingar varðandi opinbert eftirlit sem aðildarríki inntu af hendi með matvælum og fôðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, á fyrri helmingi ársins 2021 benda til þess að breyta ætti skránum sem settar eru fram í I. og II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 til að vernda heilbrigði manna í Sambandinu.

8. Frá því í janúar 2019 hafa jarðhnetur og vörur sem eru framleiddar úr jarðhnetum frá Argentínu fallið undir aukið opinbert eftirlit vegna áhættu á mengun af völdum aflatoxína. Opinbert eftirlit sem aðildarríkin inntu af hendi og tiltækar upplýsingar sýna betri fylgni við viðeigandi kröfur sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins. Þessar niðurstöður veita sannanir fyrir því að koma þessara matvæla inn í Sambandið skapar ekki alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna. Af þessu leiðir að ekki er nauðsynlegt að kveða áfram á um að hverri sendingu fylgi opinbert vottorð þar sem fram kemur að allar niðurstöður úr sýnatöku og greiningu sýni að farið sé að ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (4). Á sama tíma ættu aðildarríkin að halda áfram að inna eftirlit af hendi til að tryggja að núverandi fylgni við tilskilin ákvæði haldi áfram. Þess vegna ætti að fella brott færsluna sem varðar jarðhnetur frá Argentínu í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og færa hana yfir í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð og viðhalda tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 5% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
9. Frá því í janúar 2019 hafa heslihnetur og vörur sem eru framleiddar úr heslihnetum frá Aserbaísjan fallið undir aukið opinbert eftirlit vegna áhættu á mengun af völdum aflatoxína. Opinbert eftirlit sem aðildarríkin inntu af hendi og tiltækar upplýsingar sýna betri fylgni við viðeigandi kröfur sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins. Þessar niðurstöður veita sannanir fyrir því að koma þessara matvæla inn í Sambandið skapar ekki alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna. Af þessu leiðir að ekki er nauðsynlegt að kveða áfram á um að hverri sendingu fylgi opinbert vottorð þar sem fram kemur að allar niðurstöður úr sýnatöku og greiningu sýni að farið sé að reglugerð (EB) nr. 396/2005. Á sama tíma ættu aðildarríkin að halda áfram að inna eftirlit af hendi til að tryggja að núverandi fylgni við tilskilin ákvæði haldi áfram. Þess vegna ætti að fella brott færsluna sem varðar heslihnetur frá Aserbaísjan í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og færa hana yfir í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð og viðhalda tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 20% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
10. Frá því í janúar 2019 hefur svartur pipar (*Piper nigrum*) frá Brasilíu fallið undir aukið opinbert eftirlit vegna áhættu á mengun af völdum *Salmonella*. Opinbert eftirlit, sem aðildarríki hafa innt af hendi með þessum matvælum, sýna viðvarandi mikinn fjölda tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum síðan auknu opinberu eftirliti var komið á. Þessar niðurstöður veita sannanir fyrir því að koma þessara matvæla inn í Sambandið skapar alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna.
11. Til viðbótar við aukna opinbera eftirlitið er því nauðsynlegt að kveða á um sérstök skilyrði í tengslum við innflutning á svörtum pipar (*Piper nigrum*) frá Brasilíu. Einkum ætti opinbert vottorð að fylgja með öllum sendingum af svörtum pipar frá Brasilíu þar sem fram kemur að allar niðurstöður úr sýnatöku og greiningum sýni að *Salmonella* sé ekki fyrir hendi í 25 g. Festa ætti niðurstöður sýnatöku og greiningar við þetta vottorð. Þess vegna ætti færa færsluna sem varðar svartan pipar frá Brasilíu í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 yfir í II. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 50% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
12. Í tengslum við sendingar af netmelónum (*Cucumis melo* var. *reticulatus*) frá Hondúráss gefa gögn, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fôður, og upplýsingar varðandi opinbert eftirlit, sem aðildarríkin inna af hendi, til kynna tilkomu nýrrar áhættu fyrir heilbrigði manna vegna hugsanlegrar mengunar af völdum *Salmonella* Braenderup. Því er nauðsynlegt að gera kröfu um aukið opinbert eftirlit með komum þessara vara frá Hondúras. Því ætti að færa slíkar vörur á skrá í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 10% af sendingum sem koma inn í Sambandið.

18. Frá því í janúar 2019 hafa paprikur (Capsicum annum) frá Kína fallið undir aukið opinbert eftirlit vegna áhættu á mengun af völdum Salmonella. Opinbert eftirlit sem aðildarríkin inntu af hendi og tiltækar upplýsingar sýna betri fylgni við viðeigandi kröfur sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins. Þess vegna er ekki lengur hægt að réttlæta aukið opinbert eftirlit með 20% af sendingum af þessum vörum sem koma inn í Sambandið. Þó ættu aðildarríkin að halda áfram að inna eftirlit af hendi til að tryggja að núverandi fylgni við tilskilin ákvæði haldi áfram. Því ætti að breyta samsvarandi færslu í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og draga úr tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi niður í 10% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
19. Frá því í janúar 2019 hafa eggaldin (Solanum melongena) frá Dóminíska lýðveldinu fallið undir aukið opinbert eftirlit vegna áhættu á mengun af völdum varnarefnaleifa. Opinbert eftirlit, sem aðildarríki hafa innt af hendi með þessum matvælum, sýna viðvarandi mikinn fjölda tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum síðan auknu opinberu eftirliti var komið á. Þessar niðurstöður veita sannanir fyrir því að koma þessara matvæla inn í Sambandið skapar alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna.
20. Til viðbótar við aukna opinbera eftirlitið er því nauðsynlegt að kveða á um að sett verði sérstök skilyrði í tengslum við eggaldin (Solanum melongena) frá Dóminíska lýðveldinu. Einkum ætti opinbert vottorð að fylgja með öllum sendingum af þeirri vöru frá Dóminíska lýðveldinu þar sem fram kemur að allar niðurstöður úr sýnatöku og greiningu sýni að farið sé að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í sendingum af matvælum og fóðri sem eru tilgreind í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 vegna mengunaráhættu af völdum varnarefnaleifa. Festa ætti niðurstöður sýnatöku og greiningar við þetta vottorð. Þess vegna ætti að fella brott færsluna sem varðar eggaldin (Solanum melongena) frá Dóminíska lýðveldinu í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og færa hana yfir í II. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð og viðhalda tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 50% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
21. Frá því í janúar 2010 hafa paprikur af ættkvíslinni Capsicum og spergilbaunir frá Dóminíska lýðveldinu fallið undir aukið opinbert eftirlit vegna áhættu á mengun af völdum varnarefnaleifa. Opinbert eftirlit, sem aðildarríki hafa innt af hendi með þessum matvælum, sýna viðvarandi mikinn fjölda tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum síðan auknu opinberu eftirliti var komið á. Þessar niðurstöður veita sannanir fyrir því að koma þessara matvæla inn í Sambandið skapar alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna.
22. Til viðbótar við aukna opinbera eftirlitið er því nauðsynlegt að kveða á um að sett verði sérstök skilyrði í tengslum við paprikur af ættkvíslinni Capsicum og spergilbaunir frá Dóminíska lýðveldinu. Einkum ætti opinbert vottorð að fylgja með öllum sendingum af paprikum af ættkvíslinni Capsicum og spergilbaunum frá Dóminíska lýðveldinu þar sem fram kemur að allar niðurstöður úr sýnatöku og greiningu sýni að farið sé að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í sendingum af matvælum og fóðri sem eru tilgreind í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 vegna mengunaráhættu af völdum varnarefnaleifa. Festa ætti niðurstöður sýnatöku og greiningar við þetta vottorð. Þess vegna ætti að fella brott færsluna sem varðar paprikur af ættkvíslinni Capsicum og spergilbaunir frá Dóminíska lýðveldinu í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og færa hana yfir í II. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð og viðhalda 50% tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi.
23. Í tengslum við sendingar af Moringa-plöntum (Moringa oleifera) frá Indlandi gefa gögn, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður, og upplýsingar varðandi opinbert eftirlit, sem aðildarríkin inna af hendi, til kynna tilkomu nýrrar áhættu fyrir heilbrigði manna vegna hugsanlegrar mengunar af völdum varnarefnaleifa. Því er nauðsynlegt að gera kröfu um aukið opinbert eftirlit með komum þessara vara frá Indlandi. Því ætti að færa slíkar vörur á skrá í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 10%.

30. Í tengslum við sendingar af paprikum af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) frá Indlandi kom í ljós hátt hlutfall tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum kröfum sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins, að því er varðar mengun af völdum varnarefnaleifa, við opinbert eftirlit sem aðildarríkin inntu af hendi í samræmi við II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793. Því er rétt að auka tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi sem á að inna af hendi með slíkum sendingum í 20%.
31. Í tengslum við sendingar af hrísgrjónum frá Indlandi og Pakistan gefa gögn, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður, og upplýsingar varðandi opinbert eftirlit, sem aðildarríkin inna af hendi, til kynna tilkomu nýrrar áhættu fyrir heilbrigði manna vegna hugsanlegrar mengunar af völdum aflatoxína og okratoxíns A. Því er nauðsynlegt að gera kröfu um aukið opinbert eftirlit með komum slíkra sendinga. Því ætti að færa færslur um þessar vörur frá Indlandi og Pakistan á skrá í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 10%.
32. Í tengslum við sendingar af hófnafla (Centella asiatica) og Alternanthera sessilis frá Srí Lanka gefa gögn, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður, og upplýsingar varðandi opinbert eftirlit, sem aðildarríkin inna af hendi, til kynna tilkomu nýrrar áhættu fyrir heilbrigði manna vegna hugsanlegrar mengunar af völdum varnarefnaleifa. Því er nauðsynlegt að gera kröfu um aukið opinbert eftirlit með komum slíkra sendinga. Því ætti að færa færslur um þessar vörur frá Srí Lanka á skrá í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 10%.
33. Frá því í apríl 2021 hafa heslihnetur og vörur sem eru framleiddar úr heslihnetum frá Tyrklandi fallið undir aukið opinbert eftirlit vegna áhættu á mengun af völdum aflatoxína. Opinbert eftirlit sem aðildarríkin hafa innt af hendi með þessum matvælum bendir til þess að almennt hafi verið farið að viðeigandi kröfum sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins. Þess vegna er aukið opinbert eftirlit með þessari vöru ekki lengur réttlætanlegt og fella ætti brott færsluna í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 að því er hana varðar.
34. Í tengslum við sendingar af greipaldinum frá Tyrklandi gefa gögn, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður, og upplýsingar varðandi opinbert eftirlit, sem aðildarríkin inna af hendi, til kynna tilkomu nýrrar áhættu fyrir heilbrigði manna vegna hugsanlegrar mengunar af völdum varnarefnaleifa. Því er nauðsynlegt að gera kröfu um aukið opinbert eftirlit með komum slíkra sendinga. Því ætti að færa færslur um þessa vöru frá Tyrklandi á skrá í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 10%.
35. Frá því í janúar 2020 hafa mandarínur (þ.m.t. tangerínur og satsúmur), klementínur, wilking-mandarínur og áþekkir sítrusblendingar og appelsínur frá Tyrklandi fallið undir aukið opinbert eftirlit vegna áhættu á mengun af völdum varnarefnaleifa. Opinbert eftirlit, sem aðildarríki hafa innt af hendi með þessum matvælum, sýna viðvarandi mikinn fjölda tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum síðan auknu opinberu eftirliti var komið á. Þessar niðurstöður veita sannanir fyrir því að koma þessara matvæla inn í Sambandið skapar alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna.

42. Til viðbótar við aukna opinbera eftirlitið er því nauðsynlegt að kveða á um að sett verði sérstök skilyrði í tengslum við mandarínur og appelsínur frá Tyrklandi. Einkum ætti opinbert vottorð að fylgja með öllum sendingum af mandarínunum (þ.m.t. tangerínur og satsúmur), klementínunum, wilking-mandarínunum og áþekktum sítrusblendingum og appelsínunum frá Tyrklandi þar sem fram kemur að allar niðurstöður úr sýnatöku og greiningu sýni að farið sé að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 396/2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í sendingum af matvælum og fóðri sem eru tilgreind í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 vegna mengunaráhættu af völdum varnarefnaleifa. Festa ætti niðurstöður sýnatöku og greiningar við þetta vottorð. Þess vegna ætti að fella brott færsluna sem varðar mandarínur og appelsínur frá Tyrklandi í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og færa hana yfir í II. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð og auka tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi upp í 20%.
43. Í tengslum við sendingar af kúmínfræi og þurrkaðri kjarrmintu frá Tyrklandi gefa gögn, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður, og upplýsingar varðandi opinbert eftirlit, sem aðildarríkin inna af hendi, til kynna tilkomu nýrrar áhættu fyrir heilbrigði manna vegna hugsanlegrar mengunar af völdum pírrólísíðínbeiskjuefna. Því er nauðsynlegt að gera kröfu um aukið opinbert eftirlit með komum slíkra sendinga. Því ætti að færa færslur um þessar vörur frá Tyrklandi á skrá í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 10% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
44. Í tengslum við drekaávexti frá Víetnam kom í ljós hátt hlutfall tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum kröfum sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins, að því er varðar mengun af völdum varnarefnaleifa, við opinbert eftirlit sem aðildarríkin inntu af hendi í samræmi við II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793. Því er rétt að auka tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi sem á að inna af hendi með slíkum sendingum í 20%.
45. Áhættan sem stafar af mengun jarðhneta af völdum aflatoxína er einnig tengd jarðhnetumauki. Til að tryggja skilvirka vörn gegn hugsanlegum heilbrigðisáhættum sem stafa af mengun jarðhnetumauks af völdum aflatoxína ætti því að bæta flokknum „jarðhnetumauk“ og viðeigandi SN-númerum fyrir jarðhnetumauk við í dálkana „Matvæli og fóður (fyrirhuguð notkun)“ og „SN-númer“ í I. viðauka og í töflu 1 í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 í þeim færslum sem varða jarðhnetur frá Argentínu, Bólivíu, Brasilíu, Kína, Madagaskar, Senegal og Bandaríkjunum í I. viðauka og frá Egyptalandi, Gana, Gambíu, Indlandi og Súdan í II. viðauka.
46. Frá því í október 2020 hafa sesamfræ frá Indlandi fallið undir aukið opinbert eftirlit á grundvelli áhættu að mengun af völdum varnarefnaleifa, þ.m.t. etýlenoxíð. Opinbert eftirlit sem aðildarríkin inntu af hendi og tiltækar upplýsingar sýna betri fylgni við viðeigandi kröfur í löggjöf Sambandsins sem varða aðrar varnarefnaleifar en etýlenoxíð. Þess vegna er aukið opinbert eftirlit með sendingum af sesamfræi vegna hugsanlegrar áhættu af völdum varnarefnaleifa, sem unnt er að greina með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar, ekki lengur nauðsynlegt að því er varðar þessa vöru. Því ætti að breyta samsvarandi færslu í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 til samræmis við það.
47. Gögn, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður, og upplýsingar varðandi opinbert eftirlit, sem aðildarríkin inna af hendi, gefa til kynna tilkomu nýrrar áhættu fyrir heilbrigði manna vegna hugsanlegrar mengunar af völdum etýlenoxíðs sem útheimtir að opinbert eftirlit sé aukið. Etýlenoxíð er flokkað sem stökkbreytivaldur í undirflokki 1B, sem krabbameinsvaldur í undirflokki 1B og sem efni sem hefur eiturrhrif á æxlun í undirflokki 1B í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 (5). Þar að auki er etýlenoxíð ekki samþykkt sem virkt efni til notkunar í plöntuverndarvörur í Sambandinu.

54. Í tengslum við sendingar af jóhannesarbaunum (karób), jurtaslími og þykkingarefnum, einnig umbreytt, úr jóhannesarbaunum eða fræi jóhannesarbauna frá Marokkó, kryddmauki (e. spice paste) frá Mexíkó og paprikum af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) frá Úganda sýna niðurstöður úr opinberu eftirliti, sem aðildarríkin inna af hendi, tilvik þar sem mengun af völdum etýlenoxíðs er fyrir hendi.
55. Til að tryggja skilvirka vörn gegn hugsanlegum heilbrigðisáhættum sem stafa af mengun þessara vara ætti því að skrá sendingar af jóhannesarbaunum (karób), jurtaslími og þykkingarefnum, einnig umbreytt, úr jóhannesarbaunum eða fræi jóhannesarbauna frá Marokkó, kryddmauki frá Mexíkó og paprikum af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) frá Úganda í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 10%.
56. Að teknu tilliti til fjölda tilkynninga sem bárust í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður þykir rétt að kveða á um sérstök skilyrði varðandi sendingar af xantangúmmí frá Kína, jóhannesarbaunum (þ.m.t. jurtaslím og þykkingarefni úr jóhannesarbaunum), gúargúmmí, nokkrum kryddtegundum, kalsíumkarbónati og fæðubótarefnum sem innihalda plöntuefni frá Indlandi, fæðubótarefnum sem innihalda plöntuefni og skyndinúðlum frá Suður-Kóreu, jóhannesarbaunum (þ.m.t. jurtaslím og þykkingarefni úr jóhannesarbaunum) frá Malasíu og Tyrklandi og skyndinúðlum frá Víetnam. Vegna mengunaráhættu af völdum etýlenoxíðs ætti opinbert vottorð að fylgja með sendingum af þessum vörum þar sem fram kemur að allar niðurstöður úr sýnatöku og greiningu sýni að farið sé að reglugerð (EB) nr. 396/2005 um hámarksgildi fyrir etýlenoxíðleifar í sendingum af matvælum og fóðri sem eru tilgreind í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793. Festa ætti niðurstöður sýnatöku og greiningar við þetta vottorð. Því ætti að fella færslur um sendingar af xantangúmmí frá Kína, jóhannesarbaunum (þ.m.t. jurtaslím og þykkingarefni úr jóhannesarbaunum), gúargúmmí, nokkrum kryddtegundum, kalsíumkarbónati og fæðubótarefnum sem innihalda plöntuefni frá Indlandi, fæðubótarefnum sem innihalda plöntuefni og skyndinúðlum frá Suður-Kóreu, jóhannesarbaunum (þ.m.t. jurtaslím og þykkingarefni úr jóhannesarbaunum) frá Malasíu og Tyrklandi og skyndinúðlum frá Víetnam inn í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 20%.
57. Til að tryggja samræmi og gagnsæi þykir rétt að skipta I. og II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 út í heild sinni fyrir textann sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
58. Rétt þykir að kveða á um umbreytingartímabil fyrir sendingar af svörtum pipar (Piper nigrum) frá Brasilíu, eggaldinum (Solanum melongena), paprikum (Capsicum annuum), paprikum af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) og spergilbaunum (Vigna unguiculata ssp. sesquipedalis, Vigna unguiculata ssp. unguiculata) frá Dóminíska Lýðveldinu og af mandarínnum (þ.m.t. tangerínur og satsúmur), klementínnum, wilking-mandarínnum og áþekktum sítrusblendingum og appelsínnum frá Tyrklandi sem eru ekki með meðfylgjandi opinbert vottorð en féllu þegar undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðinni í samræmi við löggjöf Sambandsins sem var í gildi á þeim tíma.
59. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 til samræmis við það.
60. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

2. Í stað 14. gr. kemur eftirfarandi:

„14. gr.

Umbreytingartímabil

Heimilt er að leyfa komu sendinga af svörtum pipar (*Piper nigrum*) frá Brasilíu, eggaldinum (*Solanum melongena*), paprikum (*Capsicum annuum*), paprikum af ættkvíslinni *Capsicum* (aðrar en sætar) og spergilbaunum (*Vigna unguiculata* ssp. *sesquipedalis*, *Vigna unguiculata* ssp. *unguiculata*) frá Dóminíska lýðveldinu og af mandarínnum (þ.m.t. tangerínur og satsúmur), klementínnum, wilking-mandarínnum og áþekktum sítrusblendingum og appelsínnum frá Tyrklandi, sem féllu þegar undir aukið opinbert eftirlit fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, inn í Sambandið til 26. janúar 2022 án þess að þeim fylgi opinbert vottorð og niðurstöður úr sýnatöku og greiningu.“

3. Í stað I. og II. viðauka kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(1) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1793 frá 22. október 2019 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið, um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002 og um niðurfellingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009, (ESB) nr. 884/2014, (ESB) 2015/175, (ESB) 2017/186 og (ESB) 2018/1660 (Stjtið. ESB L 277, 29.10.2019, bls. 89).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

FYLGISKJAL

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/913

frá 30. maí 2022

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, [REDACTED]
með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (1), einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr., með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (2), einkum b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 47. gr. og a- og b-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. 54. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1793 (3) er mælt fyrir um reglur um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti með tilteknum matvælum og fóðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, við komu þeirra inn í Sambandið frá tilteknum þriðju löndum, sem eru tilgreind í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð, og um að setja sérstök skilyrði sem gilda um komu tiltekinna sendinga af matvælum og fóðri frá tilteknum þriðju löndum, sem eru tilgreind í II. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð, inn í Sambandið vegna áhættu á mengun af völdum sveppaeiturs, þ.m.t. aflatoxín, varnarefnaleifar, pentaklórófenól og díoxín, og örverumengun.
2. Í 12. gr framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1793 er kveðið á um að það skuli endurskoða skrárnar, sem settar eru fram í [REDACTED] viðaukunum við hana, með reglulegu millibili og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti í því skyni að taka tillit til nýrra [REDACTED] upplýsinga í tengslum við áhættu fyrir heilbrigði manna og tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, s.s. gagna, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfi fyrir matvæli og fóður, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr 178/2002, sem og gagna og upplýsinga sem varða sendingar og niðurstöður úr sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi sem aðildarríki senda framkvæmdastjórninni.
3. Nýlegar tilkynningar gegnum hraðviðvörðunarkerfi fyrir matvæli og fóður benda til alvarlegrar beinnar eða óbeinnar áhættu fyrir heilbrigði manna sem stafar af sumum matvælum eða fóðri. Auk þess bendir opinbert eftirlit sem aðildarríki hafa innt af hendi með sumum matvælum og fóðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, á síðari helmingi ársins 2021 til þess að breyta ætti skránum sem settar eru fram í I. og II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 til að vernda heilbrigði manna í Sambandinu.
4. Tilteknar sendingar af matvælum og fóðri, sem eru ekki úr dýraríkinu, eru undanþegnar opinberu eftirliti í samræmi við [REDACTED] framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 ef þær eru ekki þyngri en 30 kg. Meðal slíkra sendinga eru vörusýnishorn, rannsóknarsýni, sýningargripir og sendingar sem eru ætlaðar til notkunar í vísindaskyni. Í ljósi reynslu af beitingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1793 hafa aðildarríkin bent á að slíkar sendingar séu í tilteknum tilvikum þyngri en 30 kg. Þar eð ekki er ætlunin að setja slíkar sendingar á markað er óþarflega íþyngjandi að inna af hendi opinbert eftirlit með slíkum sendingum. Þess vegna ætti að hækka þyngdarmörkin fyrir undanþáguna frá opinberu eftirliti í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 í 50 kg. Ef slíkar sendingar fara yfir 50 kg ætti auk þess að gera aðildarríkjum kleift að samþykkja slíkar sendingar, að því tilskildu að viðtökuaðildarríkið hafi gefið út leyfi fyrir fram og að viðeigandi fyrirkomulag eftirlits sé til staðar til að tryggja að sendingarnar séu ekki settar á markað.

9. Sendingar af matvælum og fóðri, sem eru hluti af persónulegum farangri farþega og ætlaðar til persónulegrar neyslu eða notkunar, og sendingar af matvælum eða fóðri, sem eru ekki viðskiptalegs eðlis, sem eru sendar til einstaklinga, sem ekki er ætlunin að setja á markað, eru undanþegnar opinberu eftirliti í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 ef þær eru ekki þyngri en 30 kg. Reynsla af beitingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1793 sýnir að þyngdarmörkin 30 kg hafa í för með sér að margs konar sendingar eru undanþegnar slíku eftirliti. Þyngdarmörkin 30 kg eru einnig yfir almennri farangursheimild í alþjóðlegum farþegaflutningum. Ef um er að ræða sendingar, sem eru ekki viðskiptalegs eðlis, sem eru 30 kg að þyngd og eru sendar til einstaklinga er erfitt að tryggja með opinberu eftirliti að hlutar slíkra sendinga séu ekki settir á markað. Þess vegna ætti að lækka þyngdarmörk fyrir sendingar sem eru hluti af persónulegum farangri farþega og fyrir sendingar sem eru ekki viðskiptalegs eðlis og eru sendar til einstaklinga niður í gildi sem endurspeglar betur áætlaða persónulega notkun og efnislega eiginleika sendinganna.
10. Ef undanþágur frá opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum eru veittar fyrir tiltekna vörur ætti að fastsetja skilyrði fyrir þessum undanþágum, s.s. viðeigandi fyrirkomulag eftirlits, til að tryggja að engin óviðunandi áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra stafí af komu slíkra vara inn í Sambandið.
11. Í tengslum við hugtakið „sending“ eru í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 gefnar nokkrar skilgreiningar sem leiðir til óvissu og mismunar við beitingu. Í 37. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er þegar gefin skilgreining á „sendingu“. Þess vegna ætti fyrir skýrleika sakir að fella brott viðbótarskilgreiningarnar á „sendingu“ í 2. mgr. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1793.
12. SN-númerin 2008 19 13 40 og 2008 19 93 40 má eingöngu nota fyrir blöndur sem innihalda möndlur eða pistasíuhnetur en ekki fyrir blöndur sem innihalda jarðhnetur. Þar eð eingöngu blöndur sem innihalda jarðhnetur eru líklegar til að skapa áhættu á mengun af völdum aflatoxína ætti að fella brott þessi SN-númer að því er varðar færslurnar fyrir Argentínu í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fyrir Egyptaland, Gana, Gambíu, Indland og Súdan í töflunni í 1. lið II. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð.
13. Í tengslum við sendingar af appelsínum frá Egyptalandi gefa gögn úr tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður og upplýsingar varðandi opinbert eftirlit, sem aðildarríkin inna af hendi, til kynna tilkomu nýrrar áhættu fyrir heilbrigði manna vegna hugsanlegrar mengunar af völdum varnarefnaleifa. Því er nauðsynlegt að gera kröfu um aukið opinbert eftirlit með komum þessara vara frá Egyptalandi. Því ætti að færa slíkar vörur á skrá í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 20% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
14. Í tengslum við heslihnetur frá Georgíu kom í ljós hátt hlutfall tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum kröfum sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins, að því er varðar mengun af völdum aflatoxína, við opinbert eftirlit sem aðildarríkin inntu af hendi í samræmi við I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793. Því er rétt að auka tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi sem á að inna af hendi með slíkum sendingum í 30%.
15. Frá því í apríl 2016 hefur pálmaolía frá Gana fallið undir aukið opinbert eftirlit vegna áhættu á mengun af völdum Súdanlitarefna. Opinbert eftirlit, sem aðildarríki hafa innt af hendi með þessari vöru, sýna viðvarandi mikinn fjölda tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum síðan auknu opinberu eftirliti var komið á. Þetta eftirlit veitir sannanir fyrir því að koma þessarar vöru inn í Sambandið skapar alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna.

24. Til viðbótar við aukna opinbera eftirlitið er því nauðsynlegt að kveða á um sérstök skilyrði í tengslum við innflutning á pálmaolíu frá Gana. Einkum ætti opinbert vottorð að fylgja með öllum sendingum af pálmaolíu frá Gana þar sem fram kemur að allar niðurstöður úr sýnatöku og greiningum sýna að farið sé að kröfum Sambandsins. Festa ætti niðurstöður sýnatöku og greiningar við þetta vottorð. Þess vegna ætti fella brott og færa færsluna sem varðar pálmaolíu frá Gana í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 yfir í II. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 50% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
25. Í tengslum við sendingar af hrísgrjónum frá Indlandi og Pakistan gefa gögn, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður, og upplýsingar varðandi opinbert eftirlit, sem aðildarríkin inna af hendi, til kynna tilkomu nýrrar áhættu fyrir heilbrigði manna vegna hugsanlegrar mengunar af völdum varnarefnaleifa. Því er nauðsynlegt að gera kröfu um aukið opinbert eftirlit með komum þessarar vöru frá Indlandi og Pakistan. Því ætti að færa slíka vöru á skrá í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 5% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
26. Hugsanlegar heilbrigðisáhættur sem stafa af mengun hrísgrjóna frá Indlandi og Pakistan af völdum aflatoxína og okratoxíns A takmarkast ekki við tilteknar tegundir af hrísgrjónum sem eru flokkaðar undir SN-númeri 1006 10 79. Til að tryggja skilvirka vörn gegn hugsanlegum heilbrigðisáhættum sem stafa af mengun hrísgrjóna frá Indlandi og Pakistan af völdum aflatoxína og okratoxíns A ætti því að rýmka viðeigandi SN-númer í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 þannig að það nái yfir allar tegundir af hrísgrjónum. Vegna rýmkunar SN-númers og magns viðskipta er búist við að stjórnsýslubyrði aukist talsvert fyrir aðildarríki. Þess vegna ætti að draga úr tíðni eftirlits í 5% af sendingunum sem koma inn í Sambandið þar eð slík tíðni veitir nægar upplýsingar fyrir mat á áhættum sem tengjast hugsanlegri mengun hrísgrjóna af völdum aflatoxína og okratoxíns A.
27. Í tengslum við sendingar af spergilbaunum (*Vigna unguiculata* ssp. *sesquipedalis*, *Vigna unguiculata* ssp. *unguiculata*) og gvövum (*Psidium guajava*) frá Indlandi gefa gögn, sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður, og upplýsingar varðandi opinbert eftirlit, sem aðildarríkin inna af hendi, til kynna tilkomu nýrrar áhættu fyrir heilbrigði manna vegna hugsanlegrar mengunar af völdum varnarefnaleifa. Því er nauðsynlegt að gera kröfu um aukið opinbert eftirlit með komum þessara vara frá Indlandi. Því ætti að færa slíkar vörur á skrá í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og fastsetja tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 20% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
28. Múskat frá Indlandi, undir SN-númeri 0908 11 00 og 0908 12 00, hefur sætt auknu opinberu eftirliti frá júlí 2019 vegna hættu á mengun af völdum aflatoxína. Opinbert eftirlit sem aðildarríkin inntu af hendi og tiltækar upplýsingar sýna betri fylgni við viðeigandi kröfur sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins. Þetta eftirlit og þessar upplýsingar veita sannanir fyrir því að koma þessara matvæla inn í Sambandið skapar ekki lengur alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að krefjast þess áfram að öllum sendingum af múskati frá Indlandi, undir SN-númeri 0908 11 00 og 0908 12 00, skuli fylgja opinbert vottorð þar sem fram kemur að allar niðurstöður úr sýnatöku og greiningum sýni að farið sé að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 (4). Á sama tíma ættu aðildarríkin að halda áfram að inna eftirlit af hendi til að tryggja að núverandi fylgni við tilskilin ákvæði haldi áfram. Þess vegna ætti að fella brott og færa færsluna sem varðar múskat frá Indlandi, undir SN-númeri 0908 11 00 og 0908 12 00, í tíðflunni í 1. lið II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 yfir í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð með tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 30% af sendingum sem koma inn í Sambandið.

34. Í tengslum við sendingar af paprikum af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) frá Indlandi kom í ljós hátt hlutfall tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum kröfum sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins, að því er varðar mengun af völdum varnarefnaleifa, við opinbert eftirlit sem aðildarríkin inntu af hendi í samræmi við II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793. Því er rétt að auka tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi sem á að inna af hendi með slíkum sendingum í 30% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
35. Nokkur SN-númer samsvara ekki vörum sem um getur í tilteknum færslum í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 og eru því óþörf. Fella ætti brott eftirfarandi SN-númer í I. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð: SN-númer úr 0807 19 00 70 í færslu um netmelónur (C.melo var.reticulatus) frá Hondúras, SN-númer úr 0709 99 90 25 í færslu um hófnafla (Centella asiatica) frá Srí Lanka og SN-númer 1211 90 86 10 í færslu um þurrkaða kjarmintu frá Tyrklandi.
36. Til að gera það kleift að sanngreina á nákvæmari hátt vörur sem falla undir aukið opinbert eftirlit er rétt að tilgreina TARICundirskiptingu fyrir SN-númer úr 0709 99 90 í færslu um Mórínga-plöntur (Moringa oleifera) frá Indlandi og fyrir SN-númer úr 1211 90 86 í færslu um hófnafla (Centella asiatica) frá Srí Lanka í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793.
37. Í tengslum við sendingar af múskati frá Indónesíu kom í ljós hátt hlutfall tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum kröfum sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins, að því er varðar mengun af völdum aflatoxína, við opinbert eftirlit sem aðildarríkin inntu af hendi í samræmi við töfluna í 1 lið II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793. Því er rétt að auka tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi sem á að inna af hendi með slíkum sendingum í 30% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
38. Hugsanleg heilbrigðisáætla vegna mengunar af völdum etýlenoxíðs varðar blöndur með matvælaaukefnum sem innihalda karóbgúmmí eða gúargúmmí. Því ætti að bæta flokknum „blöndur með matvælaaukefnum sem innihalda karóbgúmmí eða gúargúmmí“ og viðeigandi SN-númerum fyrir blöndur með matvælaaukefnum í dálkana „matvæli og fóður (fyrirhuguð notkun)“ og „SN-númer“ í töfluna í 1. lið II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 í færslunni sem varðar Indland. Að sama skapi ætti að bæta flokknum „blöndur með matvælaaukefnum sem innihalda karóbgúmmí“ og viðeigandi SN-númerum fyrir blöndur með matvælaaukefnum í færslurnar sem varða Malasíu og Tyrkland. Fastsetja ætti tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi við 20% fyrir slíkar sendingar sem koma inn í Sambandið frá Indlandi, Malasíu og Tyrklandi.
39. Í tengslum við krydd frá Indlandi nær SN-númer 0910 yfir vörur í formi róta, blóma og blaða, s.s. túrmeríkrót (kúrkúma). Með tilliti til þess að engin mengun af völdum etýlenoxíða greindist í opinberu eftirliti sem aðildarríki inntu af hendi í samræmi við töfluna í 1. lið II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 má undanskilja slíkar vörur frá auknu opinberu eftirliti. Því er rétt að tilgreina í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 að eingöngu þurrkað krydd frá Indlandi ætti að falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum með tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi sem er fastsett við 20% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
40. Í tengslum við skyndinúðlur frá Suður-Kóreu og Víetnam þykir rétt að gefa skýringar í dálkunum er varða „matvæli og fóður (fyrirhuguð notkun)“, „SN-númer“ og „TARIC-undirskipting“ í viðkomandi færslum í töflunni í 1. lið II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 til að tryggja skýrleika varðandi tegund núðla sam falla undir aukið eftirlit og til að undanskilja aðrar tegundir núðla frá opinberu eftirliti, s.s. hveitinúðlur, eggjanúðlur, mjóar pastatangir og aðrar tegundir slíkra vara sem ekki er hægt að flokka sem skyndinúðlur og sem eru tilgreindar undir sama SN-númeri 1902 30 10.
41. Til að tryggja samræmi og gagnsæi þykir rétt að skipta I. og II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 út í heild sinni fyrir textann sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

50. Til að heimila komu sendinga inn í Sambandið sem hafa þegar verið sendar frá upprunalandi eða frá öðru þriðja landi, ef landið er annað en upprunalandið, þegar þessi reglugerð öðlast gildi og til að geta þekkt og farið að þessari reglugerð er rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir sendingar af pálmaolíu frá Gana, blöndum með matvælaaukefnum sem innihalda karóbgúmmí eða gúargúmmí frá Indlandi og blöndum með matvælaaukefnum sem innihalda karóbgúmmí frá Malasíu og Tyrklandi sem eru ekki með meðfylgjandi niðurstöður úr sýnatöku og greiningum og opinbert vottorð. Á sama tíma heldur lýðheilsuvernd áfram varðandi slíkar sendingar af pálmaolíu frá Gana sem falla áfram undir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi með tíðni við 50% af sendingum sem koma inn í Sambandið.
51. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 til samræmis við það.
52. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 3., 4., og 5. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi flokka sendinga af vörum nema eigin þyngd þeirra fari yfir 5 kg af ferskvöru

eða 2 kg af annarri vöru:

a) sendingar sem eru hluti af persónulegum farangri farþega og ætlaðar til persónulegrar neyslu eða notkunar,

b) sendingar, sem eru ekki viðskiptalegs eðlis, sem eru sendar til einstaklinga, sem ekki er ætlunin að setja á markað.

Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi flokka sendinga af vörum nema eigin þyngd þeirra fari yfir 50 kg af ferskvöru eða

10 kg af annarri vöru:

a) sendingar, sem eru sendar sem vörusýnishorn, rannsóknarsýni eða sem sýningargripir á sýningar, sem ekki er ætlunin að setja á markað,

b) sendingar sem eru ætlaðar til notkunar í vísindaskyni.

4. Þessi reglugerð gildir ekki um matvæli og fóður, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., um borð í flutningatækjum sem eru

starfrækt alþjóðlega, sem eru ekki affermd og eru ætluð til neyslu fyrir áhöfn og farþega.

5. Ef vafi leikur á um fyrirhugaða notkun sendinganna af vörum sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. hvílir sönnunarbyrðin á herðum eigenda persónulega farangursins og á herðum viðtakenda sendinganna, eftir því sem við á.

6. Lögbæru yfirvaldi er heimilt, í samræmi við þessa reglugerð, að undanskilja sendingar af matvælum og föðri sem eru

ekki úr dýraríkinu, sem eru sendar sem vörusýnishorn, rannsóknarsýni, sýningargripir á sýningum og sendingar af matvælum og föðri sem eru ætlaðar í vísindaskyni, sem fara yfir þyngdarmörkin sem kveðið er á um í annarri undirgrein 3. mgr. og ekki er ætlunin að setja á markað, frá sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi, þ.m.t. sýnatöku og greiningu á rannsóknarstofu, að því tilskildu:

a) að þeim fylgi leyfi fyrir komu inn í Sambandið sem lögbært yfirvald í viðtökuaðildarríkinu hefur gefið út fyrir fram og

þar komi fram:

i. tilgangur með komu inn í Sambandið,

ii. viðtökustaður,

iii. ábyrgðir þess efnis að sendingarnar verði ekki settar á markað sem matvæli eða fóður,

b) að rekstraraðili framvísi sendingunum á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem sendingarnar koma inn í Sambandið,

c) að lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem sendingarnar koma inn í Sambandið upplýsi lögbært yfirvald í

viðtökuaðildarríkinu í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit um komu sendinganna.“

2. Í 2. gr. fellur 2. mgr. brott.

3. Í stað 14. gr. kemur eftirfarandi:

„14. gr.

Umbreytingartímabil

Heimilt er að sendingar af pálmaolíu frá Gana, blöndum með matvælaaukefnum sem innihalda karóbgúmmi eða gúargúmmi frá Indlandi og blöndum með matvælaaukefnum sem innihalda karóbgúmmi frá Malasíu og Tyrklandi, sem hafa verið sendar frá upprunalandi eða öðru þriðja landi, ef landið er ekki upprunalandið, fyrir gildistökuðag framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/913 (*) komi inn í Sambandið til 3. september 2022 án þess að þeim fylgi niðurstöður úr sýnatöku og greiningu og opinbert vottorð sem kveðið er á um í 10. og 11. gr.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/913 frá 30. maí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793

um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinnna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið og um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002 (Stjtið. ESB L 158, 13.6.2022, bls. 1).“

4. Í stað I. og II. viðauka kemur textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. maí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Ursula VON DER LEYEN
forseti

- (1) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.
- (2) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.
- (3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1793 frá 22. október 2019 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinnna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið, um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002 og um niðurfellingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009, (ESB) nr. 884/2014, (ESB) 2015/175, (ESB) 2017/186 og (ESB) 2018/1660 (Stjtið. ESB L 277, 29.10.2019, bls. 89).
- (4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESBL 364, 20.12.2006, bls. 5).

VIÐAUKI I

„I. VIÐAUKI

Matvæli og fóður, sem eru ekki úr dýraríkinu, frá tilteknum þriðju löndum sem falla undir tímabundna aukningu á opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum og eftirlitsstöðum

Dálkur	Upprunaland	Matvæli og fóður (fyrir huguð notkun)	SN-númer (1)	TARICundirskipting	Hætta	Tíðni sannþrófunarauðkennd og eftirlits með ástandi (%)

<https://files.reglugerd.is/pdf/0507-2020/diff>

5	Kína (CN)	Jarðhnetur, í skurn Jarðhnetur, skurnlausar Hnetusmjör Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt Ólíukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í kögglum, frá kjörnun jarðhnetuolíu Jarðhnetumjöl, fín- og grófmalað Jarðhnetumauk (Matvæli og föður)	1202 41 00 1202 42 00 2008 11 10 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98 2305 00 00 úr 1208 90 00 úr 2007 10 10 úr 2007 10 99 úr 2007 99 39	20 80 50 07,08	Aflatoxín	10
		Paprika (Capsicum annuum) (Matvæli – mulin eða möluð)	úr 0904 22 00	11	Salmonella (6)	10
		Te, einnig bragðbætt (Matvæli)	0902		Varnarefnaleifar (3) (7)	20
6	Egyptaland (EG)	Paprika (Capsicum annuum) Paprikur af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	0709 60 10, 0710 80 51 úr 0709 60 99, úr 0710 80 59	20 20	Varnarefnaleifar (3) (9)	20

og duft úr heslihnetum Heslihnetuolía (Matvæli)	úr 2008 97 74, úr 2008 97 76, úr 2008 97 78, úr 2008 97 92, úr 2008 97 93, úr 2008 97 94, úr 2008 97 96 úr 2008 97 97, úr 2008 97 98, úr 1106 30 90 úr 1515 90 99	15 15 15 15 15 15 15 15 40 20				
8	Hondúras (HN)	Netmelónur (C.melo var.reticulatus) (Matvæli)	úr 0807 19 00	60	Salmonella braenderup (2)	10
9	Indland (IN)	Karrílauf (Bergera/Murraya koenigii) (Matvæli– fersk, kæld, frosin eða þurrkuð)	úr 1211 90 86	10	Varnarefnaleifar (3) (10)	50
		Okra (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	úr 0709 99 90, úr 0710 80 95	20 30	Varnarefnaleifar (3) (11) (21)	20
		Móringa-plöntur (Moringa oleifera) (Matvæli)	úr 0709 99 90	10	Varnarefnaleifar (3)	10
		Hrisgrjón (Matvæli)	1006		Aflatoxín og okratoxín A	5
					Varnarefnaleifar (3)	5
		Spergilbaunir (Vigna unguiculata ssp. sesquipedalis, Vigna unguiculata ssp. unguiculata) (Matvæli – ferskt, kælt eða fryst grænmeti)	úr 0708 20 00, úr 0710 22 00	10 10	Varnarefnaleifar (3)	20
		Gvava (Psidium guajava) (Matvæli)	úr 0804 50 00	30	Varnarefnaleifar (3)	20
		Múskat (Myristica fragrans) (Matvæli – þurrkað krydd)	0908 11 00, 0908 12 00		Aflatoxín	30
10	Kenya (KE)	Baunir (Vigna spp., Phaseolus spp.) (Matvæli – fersk eða kæld)	0708 20		Varnarefnaleifar (3)	10

ferskt, kælt eða fryst grænmeti)	úr 0708 20 00, úr 0710 22 00	10 10	Varnarefnaleifar (3) (1)	50		
12	Libanon (LB)	Næpur (Brassica rapa ssp. rapa) (Matvæli – unnin eða rotvarin með ediki eða ediksýru)	úr 2001 90 97	11, 19	Ródamín B	50
		Næpur (Brassica rapa ssp. rapa) (Matvæli – unnin eða rotvarin með saltlegi eða sítrónusýru, ófryst)	úr 2005 99 80	93	Ródamín B	50
13	Srí Lanka (LK)	Hófnafli (Centella asiatica) (Matvæli)	úr 1211 90 86	10	Varnarefnaleifar (3)	10
		Alternanthera sessilis (Matvæli)	úr 0709 99 90	35	Varnarefnaleifar (3)	10
14	Marokkó (MA)	Jóhannesar- (eða karób-) baunir Fræ jóhannesarbauna, ekki afhýdd, mulin eða möluð Jurtaslím og þykkingarefni, einnig umbreytt, úr jóhannesarbaunum eða fræi jóhannesarbauna (Matvæli og fóður)	1212 92 00 1212 99 41 1302 32 10		Varnarefnaleifar (21)	10
15	Madagaskar (MG)	Jarðhnetur, í skurn Jarðhnetur, skurnlausar Hnetusmjör	1202 41 00 1202 42 00 2008 11 10		Aflatoxín	50
		Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt Olíukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í kögglum, frá kjörnun jarðhnetuolíu Jarðhnetumjöl, fín- og grófmalað Jarðhnetumauk (Matvæli og fóður)	2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98 2305 00 00 úr 1208 90 00 úr 2007 10 10 úr 2007 10 99 úr 2007 99 39	20 80 50 07,08		
16	Mexíkó (MX)	Tómatsósur (Matvæli)	2103 20 00		Varnarefnaleifar (21)	10

18	Nígería (NG)	Sesamfræ (Matvæli)	1207 40 90 úr 2008 19 19 úr 2008 19 99	40 40	Salmonella (2)	50
19	Pakistan (PK)	Kryddblöndur (Matvæli)	0910 91 10, 0910 91 90		Aflatoxín	50
		Hrisgrjón (Matvæli)	1006		Aflatoxín og okratoxín A	5
					Varnarefnaleifar (3)	5
20	Síerra Leóne (SL)	Vatnsmelónufræ (Egusi, Citrullus spp.) og afleiddar afurðir (Matvæli)	úr 1207 70 00, úr 1208 90 00, úr 2008 99 99	10 10 50	Aflatoxín	50
21	Senegal (SN)	Jarðhnetur, í skurn Jarðhnetur, skurnlausar Hnetusmjör Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt Oliukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í köggglum, frá kjörnun jarðhnetuolíu Jarðhnetumjöl, fin- og grófmalað Jarðhnetumauk (Matvæli og fóður)	1202 41 00 1202 42 00 2008 11 10 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98 2305 00 00 úr 1208 90 00 úr 2007 10 10 úr 2007 10 99 úr 2007 99 39	20 80 50 07,08	Aflatoxín	50
22	Sýrland (SY)	Næpur (Brassica rapa ssp. rapa) (Matvæli – unnin eða rotvarin með ediki eða ediksýru)	úr 2001 90 97	11, 19	Ródamín B	50
		Næpur (Brassica rapa ssp. rapa) (Matvæli – unnin eða rotvarin með saltlegi eða sítrónusýru, ófryst)	úr 2005 99 80	93	Ródamín B	50
23	Taíland (TH)	Paprikur af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	úr 0709 60 99, úr 0710 80 59	20 20	Varnarefnaleifar (3) (2)	30

24	Tyrkland (TR)	Granatepli (Matvæli – fersk eða kæld)	úr 0810 90 75	30	Varnarefnaleifar (3) (15)	20
		Paprika (Capsicum annuum) Paprikur af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	0709 60 10, 0710 80 51, úr 0709 60 99, úr 0710 80 59	20 20	Varnarefnaleifar (3) (16)	20
		Óunnir heilir, malaðir, steyttir, brotnir eða saxaðir aprikósukjarnar sem ætlunin er að setja á markað fyrir lokaeytendur (17) (18) (Matvæli)	úr 1212 99 95	20	Sýanið	50
		Kúminfræ Kúminfræ, mulin eða möluð (Matvæli)	0909 31 00 0909 32 00		Pýrrólísíðínbeiskj uefni	10
		Þurrkuð kjarminta (Matvæli)	úr 1211 90 86	40	Pýrrólísíðínbeiskj uefni	10
25	Úganda (UG)	Paprikur af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	úr 0709 60 99, úr 0710 80 59	20 20	Varnarefnaleifar (3)	50
					Varnarefnaleifar (21)	10
26	Bandaríkin (US)	Jarðhnetur, í skurn Jarðhnetur, skurnlausar Hnetusmjör Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt Oliukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í köggjum, frá kjörmun jarðhnetuolíu Jarðhnetumjöl, fín- og grófmalað Jarðhnetumauk (Matvæli og fóður)	1202 41 00 1202 42 00 2008 11 10 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98 2305 00 00 úr 1208 90 00 úr 2007 10 10 úr 2007 10 99 úr 2007 99 39	20 80 50 07,08	Aflatoxín	20
27	Úsbekistan (UZ)	Þurrkaðar aprikósar Aprikósar, unnar eða rotvarðar á annan hátt (Matvæli)	0813 10 00 2008 50		Súlfít (19)	50

28	Vietnam (VN)	Kórianderlauf Basilíka (helgibasilíka) Minta Steinselja (Matvæli – ferskar eða kældar kryddjurtir)	úr 0709 99 90 úr 1211 90 86 úr 1211 90 86 úr 0709 99 90	70 20 30 40	Varnarefnaleifar (3) (20)	50
		Okra (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	úr 0709 99 90, úr 0710 80 95	20 30	Varnarefnaleifar (3) (20)	50
		Paprikur af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	úr 0709 60 99, úr 0710 80 59	20 20	Varnarefnaleifar (3) (20)	50

(1) Ef einungis er farið fram á að tiltekna afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar er SN-númerið merkt með „úr“.

(2) Sýnataka og greiningar skulu framkvæmdar í samræmi við sýnatökuaðferðirnar og tilvísunargreiningaraðferðirnar sem settar eru fram í alið 1. liðar III. viðauka.

(3) Leifar af a.m.k. þeim varnarefnum sem eru skráð í varnaráætlun sem var samþykkt í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1) sem unnt er að greina með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar sem byggjast á gas- og massagreiningu og vökvaskiljun og massagreiningu (einungis varnarefni sem á að vakta í/á vörum úr jurtaríkinu).

(4) Leifar af amítrasi.

(5) Leifar af nikótíni.

(6) Sýnataka og greiningar skulu framkvæmdar í samræmi við sýnatökuaðferðirnar og tilvísunargreiningaraðferðirnar sem settar eru fram í blið 1. liðar III. viðauka.

(7) Leifar af tolfenpýraði.

(8) Leifar af amítrasi (amítras, þ.m.t. umbrotsefni sem innihalda 2,4-dímetylanilínhlutann, gefið upp sem amítras), díafenþiúróni, díkófóli (summa p, p'- og o,p'-hverfna), díþiókarbamötum (díþiókarbamöt, gefin upp sem CS₂, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram).

(9) Leifar af díkófóli (summa p, p'- og o,p'-hverfna), dínótefúrani, fólpeti, próklórasi (summa próklóras og umbrotsefna þess sem innihalda 2,4,6-tríklórófenólhlutann, gefin upp sem próklóras), þíófanatmetýli og tríforíni.

(10) Leifar af asefati.

(11) Leifar af díafenþiúróni.

(12) Leifar af fenþóati.

(13) Leifar af klórbúfami.

(14) Leifar af formetanati (summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanat (hýdróklóríð)), própíófosi og tríforíni.

(15) Leifar af próklórasi.

(16) Leifar af díafenþiúróni, formetanati (summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanat (hýdróklóríð)) og þíófanatmetýli.

(17) „Óunnar afurðir“ eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

(18) „Setning á markað“ og „lokaneytandi“ eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

(19) Tilvísunaraðferðir: EN 1988-1:1998, EN 1988-2:1998 eða ISO 5522:1981.

(20) Leifar af díþiókarbamötum, (díþiókarbamöt, gefin upp sem CS₂, þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram), fenþóati og kíalfosi.

(21) Leifar etýlenoxíðs (summa etýlenoxíðs og 2-klóróetanóls, gefin upp sem etýlenoxíð). Ef um er að ræða matvælaaukefni er gildandi hámarksgildi leifa 0,1 mg/kg (magngreiningarmörk (LOQ)). Bann við notkun etýlenoxíðs sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtið. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

VIÐAUKI II

II. VIÐAUKI

Matvæli og föður frá tilteknum þriðju löndum sem falla undir sérstök skilyrði fyrir komu inn í Sambandið vegna mengunaráhættu af völdum sveppaeiturs, þ.m.t. aflatoxína, varnarefnaleifa, pentaklórófenóls og díoxína og örverumengunar

1. Matvæli og föður, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem um getur í i. lið b-liðar 1. mgr. 1. gr.

Dálkur	Upprunaland	Matvæli og fôður (fyrirhuguð notkun)	SN-númer (1)	TARICundirskipti ng	Hætta	Tíðni sannprófunar auðkenna og eftirlits með ástandi (%)
1	Bangladess (BD)	Matvæli sem innihalda eða samanstanda af betellaufum (Piper betle) (Matvæli)	úr 1404 90 00 (10)	10	Salmonella (6)	50
2	Brasilía (BR)	Parahnetur í skurn Blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum sem innihalda parahnetur í skurn (Matvæli)	0801 21 00 úr 0813 50 31, úr 0813 50 39, úr 0813 50 91, úr 0813 50 99	20 20 20 20	Aflatoxín	50
3	Kína (CN)	Xantangúmmí (Matvæli og fôður)	úr 3913 90 00	40	Varnarefnaleifar (11)	20
4	Dóminíska lýðveldið (DO)	Paprika (Capsicum annuum) Paprikur af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) Spergilbaunir (Vigna unguiculata ssp. sesquipedalis, Vigna unguiculata ssp. unguiculata) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	0709 60 10, 0710 80 51 úr 0709 60 99, úr 0710 80 59, úr 0708 20 00, úr 0710 22 00	20 20 10 10	Varnarefnaleifar (4) (8)	50
5	Egyptaland (EG)	Jarðhnetur, í skurn Jarðhnetur, skurnlausar Hnetusmjör Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt, þ.m.t blöndur Olíukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í köggjum, frá kjörmun jarðhnetuolíu Jarðhnetumjöl, fín- og grófmalað Jarðhnetumauk (Matvæli og fôður)	1202 41 00 1202 42 00 2008 11 10 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98, úr 2008 19 12, úr 2008 19 19, úr 2008 19 92, úr 2008 19 95, úr 2008 19 99 2305 00 00 úr 1208 90 00 úr 2007 10 10 úr 2007 10 99 úr 2007 99 39	40 50 40 40 50 20 80 50 07,08	Aflatoxín	20

6	Eþíópía (ET)	Pípar af ættkvíslinni Piper; þurrkuð, mulin eða möluð aldin af ættkvíslinni Capsicum eða af ættkvíslinni Pimenta Engifer, saffran, túrmerik (kúrkúmin), timjan, lárviðarlauf, karrý og önnur krydd (Matvæli – þurrkað krydd)	0904 0910		Aflatoxín	50
		Sesamfræ (Matvæli)	1207 40 90 úr 2008 19 19 úr 2008 19 99	40 40	Salmonella (6)	50
7	Gana (GH)	Jarðhnetur, í skurn Jarðhnetur, skurnlausar Hnetusmjör Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt, þ.m.t blöndur Olíukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í kögglum, frá kjörmun jarðhnetuolíu Jarðhnetumjöl, fín- og grófmalað Jarðhnetumauk (Matvæli og fóður)	1202 41 00 1202 42 00 2008 11 10 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98, úr 2008 19 12, úr 2008 19 19, úr 2008 19 92, úr 2008 19 95, úr 2008 19 99 2305 00 00 úr 1208 90 00 úr 2007 10 10 úr 2007 10 99 úr 2007 99 39	40 50 40 40 50 20 80 50 07, 08	Aflatoxín	50
		Pálmaolía (Matvæli)	1511 10 90, 1511 90 11, úr 1511 90 19, 1511 90 99	90	Súdan-litarefni (12)	50
8	Gambía (GM)	Jarðhnetur, í skurn Jarðhnetur, skurnlausar Hnetusmjör Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt, þ.m.t blöndur	1202 41 00 1202 42 00 2008 11 10 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98, úr 2008 19 12, úr 2008 19 19, úr 2008 19 92, úr 2008 19 95, úr 2008 19 99	40 50 40 40 50	Aflatoxín	50

8	Gambía (GM)	Olífukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í kögglum, frá kjörnun jarðhnetuolíu Jarðhnetumjöl, fin- og grófmalað Jarðhnetumauk (Matvæli og fôður)	2305 00 00 úr 1208 90 00 úr 2007 10 10 úr 2007 10 99 úr 2007 99 39	20 80 50 07, 08		
9	Indónesía (ID)	Múskat (Myristica fragrans) (Matvæli – þurrkað krydd)	0908 11 00, 0908 12 00		Aflatoxín	30
10	Indland (IN)	Betellauf (Piper betle L.) (Matvæli)	úr 1404 90 00 0904 21 10, úr 0904 22 00, úr 0904 21 90, úr 2005 99 10, úr 2005 99 80	10 11, 19 20 10, 90 94	Salmonella (2)	10
		Paprikur af ættkvíslinni Capsicum (einnig sætar) (Matvæli – þurrkuð, ristuoð, möluð eða mulin)			Aflatoxín	20
		Jarðhnetur, í skurn	1202 41 00 1202 42 00 2008 11 10 2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98, úr 2008 19 12, úr 2008 19 19, úr 2008 19 92, úr 2008 19 95, úr 2008 19 99 2305 00 00	40 50 40 40 50 20 80 50 07,08	Aflatoxín	50
		Jarðhnetur, skurnlausar	úr 1208 90 00 úr 2007 10 10 úr 2007 10 99 úr 2007 99 39			
		Jarðhnetumjöl, fin- og grófmalað				
		Jarðhnetumauk (Matvæli og fôður)				
		Paprikur af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) (Matvæli – fersk, kæld eða frýst)	úr 0709 60 99, úr 0710 80 59	20 20	Varnarefnaleifar (4)(5)	20

10	Indland (IN)	Sesamfræ (Matvæli og fóður)	1207 40 90 úr 2008 19 19 úr 2008 19 99	40 40	Salmonella (6)	20
					Varnarefnaleifar (11)	50
		Jóhannesar- (eða karób-) baunir	1212 92 00 1212 99 41		Varnarefnaleifar (11)	20
		Fræ jóhannesarbauna, ekki afhýdd, mulin eða möluð	1302 32 10			
		Jurtaslím og þykkingarefni, einnig umbreytt, úr jóhannesarbaunum eða fræi jóhannesarbauna (Matvæli og fóður)				
		Gúargúmmí (Matvæli og fóður)	úr 1302 32 90		Varnarefnaleifar (11)	20
					Pentaklórófenól og dioxín (3)	5
		Blöndur með matvælaaukefnum sem innihalda karóbgúmmí eða gúargúmmí (Matvæli)	úr 2106 90 92 úr 2106 90 98 úr 3824 99 93 úr 3824 99 96		Varnarefnaleifar (11)	20

lárviðarlauf, karrý og önnur krydd (Matvæli – þurrkað krydd)	0904 0905 0906 0907 0908 0909 0910		Varnarefnaleifar (11)	20
Sósur og framleiðsla í þær, blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður (Matvæli)	2103		Varnarefnaleifar (11)	20
Kalsíumkarbónat (Matvæli og fóður)	úr 2106 90 92/98 úr 2530 90 00 úr 2836 50 00		Varnarefnaleifar (11)	20
Fæðubótarefni sem innihalda plöntuefni (Matvæli)	úr 1302 úr 2106		Varnarefnaleifar (11)	20

11	Íran (IR)	Pistasiuhnetur, i skurn	0802 51 00	60	Aflatoxín	50
			0802 52 00	60		
		Pistasiuhnetur, skurnlausar	úr 0813 50 39,	60		
		Blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum sem innihalda pistasiuhnetur	úr 0813 50 91,	30		
			úr 0813 50 99	03, 04		
		Pistasiuumauk	úr 2007 10 10,	32		
			úr 2007 10 99,	22		
		Pistasiuhnetur, tilreiddar eða rotvarðar, þ.m.t blöndur,	úr 2007 99 39,	20		
			úr 2007 99 50,	20		
			úr 2007 99 97	19		
			úr 2008 19 13,	19		
			úr 2008 19 93,	19		
			úr 2008 97 12	19		
			úr 2008 97 12	19		
			úr 2008 97 16,	19		
			úr 2008 97 18,	19		
			úr 2008 97 32,	19		
			úr 2008 97 34,	19		
			úr 2008 97 36,	19		
			úr 2008 97 38,	19		
			úr 2008 97 51,	19		
			úr 2008 97 59	19		
			úr 2008 97 72,	19		
			úr 2008 97 74,	19		
			úr 2008 97 76,			
			úr 2008 97 78,			
			úr 2008 97 92,			

12	Suður-Kórea (KR)	Fæðubótarefni sem innihalda plöntuefni (Matvæli)	úr 1302 úr 2106		Varnarefnaleifar (11)	20
		Skyndinuðlur sem innihalda krydd/kryddblöndur eða sósur (Matvæli)	úr 1902 30 10	30	Varnarefnaleifar (11)	20
13	Srí Lanka (LK)	Paprikur af ættkvíslinni Capsicum (einnig sætar) (Matvæli – þurrkuð, ristuoð, möluð eða mulin)	0904 21 10, úr 0904 21 90, úr 0904 22 00, úr 2005 99 10, úr 2005 99 80	20 11, 19 10, 90 94	Aflatoxín	50
14	Malasía (MY)	Jóhannesar- (eða karób-) baunir Fræ jóhannesarbauna, ekki afhýdd, mulin eða möluð Jurtaslím og þykkingarefni, einnig umbreytt, úr jóhannesarbaunum eða fræi jóhannesarbauna (Matvæli og fôður)	1212 92 00 1212 99 41 1302 32 10		Varnarefnaleifar (11)	20
		Blöndur með matvælaaukefnum sem innihalda karóbgúmmi (Matvæli)	úr 2106 90 92 úr 2106 90 98 úr 3824 99 93 úr 3824 99 96		Varnarefnaleifar (11)	20
15	Nígíría (NG)	Vatnsmelónufræ (Egusi, Citrullus spp.) og afleiddar afurðir (Matvæli)	úr 1207 70 00, úr 1208 90 00, úr 2008 99 99	10 10 50	Aflatoxín	50
16	Pakistan (PK)	Paprikur af ættkvíslinni Capsicum (aðrar en sætar) (Matvæli – fersk, kæld eða fryst)	úr 0709 60 99, úr 0710 80 59	20 20	Varnarefnaleifar (4)	20
17	Súdan (SD)	Jarðhnetur, í skurn Jarðhnetur, skurnlausar Hnetusmjör	1202 41 00 1202 42 00 2008 11 10		Aflatoxín	50
		Jarðhnetur, unnar eða rotvarðar á				

annan hátt, þ.m.t blöndur	2008 11 91, 2008 11 96, 2008 11 98,	40 50				
Oliukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í köggjum, frá kjörmun jarðhnetuolíu	úr 2008 19 12, úr 2008 19 19, úr 2008 19 92,	40 40 50				
Jarðhnetumjöl, fín- og grófmalað	úr 2008 19 95, úr 2008 19 99	20 80				
Jarðhnetumauk (Matvæli og fóður)	2305 00 00 úr 1208 90 00	50 07, 08				
	úr 2007 10 10 úr 2007 10 99 úr 2007 99 39					
Sesamfræ (Matvæli)	1207 40 90 úr 2008 19 19 úr 2008 19 99	40 40	Salmonella (6)	50		
18	Tyrkland (TR)	Þurrkaðar fikjur	0804 20 90	50	Aflatoxín 20	
	Blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum sem innihalda fikjur		úr 0813 50 99	50 20		
	Þurrkaðar fikjur, unnar eða rotvarðar, þ.m.t. blöndur		úr 2007 10 10, úr 2007 10 99, úr 2007 99 39, úr 2007 99 50, úr 2007 99 97 úr 2008 97 12, úr 2008 97 14, úr 2008 97 16, úr 2008 97 18, úr 2008 97 32, úr 2008 97 34, úr 2008 97 36, úr 2008 97 38, úr 2008 97 51, úr 2008 97 59, úr 2008 97 72, úr 2008 97 74, úr 2008 97 76,	01 ,02 31 21 11 11 11 11 11 11 11 11 11 11 11 11 11 11 11		

<https://files.reglugerd.is/pdf/0507-2020/diff>

eða þurrkuð)	0805 10		Varnarefnaleifar (4)	20		
Jóhannesar- (eða karób-) baunir	1212 92 00		Varnarefnaleifar (11)	20		
Fræ	1212 99 41					
jóhannesarbauna, ekki afhýdd, mulin eða möluð	1302 32 10					
Jurtaslím og þykkingarefni, einnig umbreytt, úr jóhannesarbaunum eða fræi jóhannesarbauna (Matvæli og fóður)						
Blöndur með matvælaaukefnum sem innihalda karóbgúmmi (Matvæli)	úr 2106 90 92 úr 3824 99 93 úr 2106 90 98 úr 3824 99 96		Varnarefnaleifar (11)	20		
19	Úganda (UG)	Sesamfræ (Matvæli)	— 1207 40 90 — úr 2008 19 19 — úr 2008 19 99	40 40	Varnarefnaleifar (11)	20
20	Vietnam (VN)	Drekaávéxtir (Matvæli – fersk eða kæld)	úr 0810 90 20	10	Varnarefnaleifar (4)(8)	20
		Skyndinúðlur sem innihalda krydd/kryddblönd ur eða sósur (Matvæli)	úr 1902 30 10	30	Varnarefnaleifar (11)	20

- (1) Ef einungis er farið fram á að tiltekna afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar er SN-númerið merkt með „úr“.
- (2) Sýnataka og greiningar skulu framkvæmdar í samræmi við sýnatökuaðferðirnar og tilvísunargreiningaraðferðirnar sem settar eru fram í blið 1. liðar III. viðauka.
- (3) Greiningarskýrslan, sem um getur í 3. mgr. 10. gr., skal gefin út af rannsóknarstofu sem er faggilt í samræmi við staðalinn EN ISO/IEC 17025 til að greina pentaklórófenól í matvælum og fóðri.
Í greiningarskýrslunni skal tilgreina:
a) niðurstöður úr sýnatöku og greiningu á því hvort pentaklórófenól er að finna, sem er framkvæmd af lögbærum yfirvöldum í upprunalandinu
eða í landinu þaðan sem sendingin er send ef það land er annað en upprunalandið,
b) mælióvissu í niðurstöðum greiningar,
c) greiningarmörk greiningaraðferðar og
d) magngreiningarmörk greiningaraðferðar.Útdráttur fyrir greiningu skal gerður með sýrðum leysi. Greiningin skal gerð samkvæmt breytttri útgáfu af Quechers-aðferðinni sem lýst er á vefsetrum tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar eða samkvæmt jafnáreiðanlegri aðferð.
- (4) Leifar af a.m.k. þeim varnarefnum sem eru skráð í varnaráætlun sem var samþykkt í samræmi við 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 sem unnt er að greina með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar sem byggjast á gas- og massagreiningu og vökvaskiljun og massagreiningu (einungis varnarefni sem á að vakta í/á vörum úr jurtaríkinu).
- (5) Leifar af karbófúrani.
- (6) Sýnataka og greiningar skulu framkvæmdar í samræmi við sýnatökuaðferðirnar og tilvísunargreiningaraðferðirnar sem settar eru fram í alið 1. liðar III. viðauka.
- (7) Leifar af díþíókarbamötum, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram) og metrafenóni.
- (8) Leifar af díþíókarbamötum, (díþíókarbamöt, gefin upp sem CS2, þ.m.t maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram), fenþóati og kínalfosi.
- (9) Lýsingin á vörunum er eins og mælt er fyrir um í dálknum með lýsingum í sameinuðu nafnaskránni í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtið. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).
- (10) Matvæli sem innihalda eða samanstanda af betellaufum (Piper betle), þ.m.t. en ekki takmarkað við þau sem eru tilgreind undir SN-númeri 1404 90 00.
- (11) Leifar etýlenoxíðs (summa etýlenoxíðs og 2-klóróetanóls, gefin upp sem etýlenoxíð). Ef um er að ræða matvælaaukefni er gildandi hámarksgildi leifa 0,1 mg/kg (magngreiningarmörk). Bann við notkun etýlenoxíðs sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 231/2012.
- (12) Að því er varðar þennan viðauka vísar „Súdan-litarefni“ til eftirfarandi íðefna: i. Súdan I (CAS-númer 842-07-9), ii. súdan II (CAS-númer 3118-97-6), iii. súdan III (CAS-númer 85-86-9) iv. skarlatsrauður, eða súdan IV (CAS-númer 85-83-6).

2. Matvæli sem um getur í ii. lið b-liðar í 1. mgr. 1. gr.

Dálkur	Matvæli úr tveimur eða fleiri innihaldsefnum sem innihalda eitthvað af þeim einstöku afurðum sem eru skráðar í töflunni í 1. lið vegna áhættu á mengun af völdum aflatoxína í magni sem er yfir 20% af annaðhvort stakri afurð eða sem summa skráðra afurða	
	SN-númer (1)	Lýsing (2)
1	úr 1704 90	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds, annað en tyggigúmmí, einnig sykurhúðað
2	úr 1806	Súkkulaði og önnur matvæli sem innihalda kakaó
3	úr 1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, risþynnur og áþekkar vörur

(1) Ef einungis er farið fram á að tilteknar afurðir, sem falla undir SN-númer, séu skoðaðar er SN-númerið merkt með „úr“.

(2) Lýsingin á vörunum er eins og mælt er fyrir um í dálknum með lýsingum á SN í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87.“

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.